

Breytingin felst í eftirfarandi:

Gert er ráð fyrir nýrri vegtengingu milli Borgarbrautar, Hrannarstígs og Fellasneiðar. Reitur S1 breytist úr svæði fyrir dvalarheimili og heilsugæslu í svæði fyrir dvalarheimili og þjónustuíbúðir. Afmörkun reitsins breytist lítillega en er áfram svæði fyrir þjónustustofnanir.

Reitur S4 breytist frá því að vera svæði fyrir þjónustustofnanir (merkt félagsheimili) í iðnaðarsvæði (merkt aðveitustöð).

Afmörkun reits S9 svæði fyrir þjónustustofnanir (merkt skóli) breytist.

Svæði fyrir íbúðarbyggð sunnan við nýja veginn stækkar til austurs yfir svæði sem var skilgreint sem útivistarsvæði. Jafnframt verður svæðið umhverfis íbúðarbyggðina skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota (útivistarsvæði).

Svæði umhverfis ölkeldu er skilgreint sem hverfisverndarsvæði (30 m radíus umhverfis ölkelduna). Ákvæði hverfisverndar eru þau að hvorki er heimilt að raska jarðvegi né setja upp mannvirki innan svæðisins nema í þeim tilgangi að vernda ölkelduna. Einnig skal gæta varúðar í meðferð efna sem geta mengað ölkelduna.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Grundarfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 3. september 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012, Hörðuvellir.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 3. september 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012 frá 29. apríl 1994.

Aðalskipulagsbreytingin felst í breytingum á aðalगतnakerfi og stígakerfi á Hörðuvöllum auk breytinga á stærð og afmörkun íbúðarsvæða, verslunar- og þjónustusvæða, opinna svæða til sérstakra nota og stofnanasvæða. Á svæðinu er gert ráð fyrir blandaðri íbúðarbyggð fyrir um 2800 íbúa og er þéttleiki fyrirhugaðrar byggðar áætlaður 17 íbúðir á hektara.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogsbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 3. september 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.